

er um fléttutegundir á svæðinu og er meðal annars að finna að minnsta kosti 24 tegundir fléttna sem ekki hafa áður fundist eða verið skráðar á Suðurlandi, þá eru fjórar tegundir á váglista fyrir plöntur, barkardoppa, *Buellia stellulata*, grávörtuská og hrímstrympa auk þriggja tegunda sem teljast sjaldgæfar á landsvisu, til dæmis svarðella og lindasverta. Á svæðum við neðrihluta Þjórsár verpa fuglar sem eru á váglista Náttúrufræðistofnunar Íslands, má þar nefna svartbak og grágæs en auk þeir eru aðrar tegundir á váglista þekkar á svæðinu svo sem flórgoði, straumönd og fálki.

Á svæðunum eru menjar og rústir fyrri tíma, tengdar landbúnaðarsögu, gamlir ferjustaðir og fleira. Svæðið á sér langa landbúnaðarsögu og er enn nýtt til landbúnaðar og stafar þeirri nýtingu ógn af fyrirhuguðum framkvæmdum. Þannig er nefna að mikið land færi undir lón og þar af votlendi sem Íslendingar eru skuldbundnir af alþjóðasamningum til að standa vörð um en einnig tapast við virkjun tón og beitilönd. Auk þess virkar Þjórsá sem sauðfjárvarnargirðing milli Árnes- og Rangárvallasýslu við núverandi aðstæður en sú vöm hverfur á köflum ef af virkjun verður, erfitt gæti reynst að girða í hennar stað þannig að vel tækist auk þess sem töluvert land myndi tapast undir girðingum.

Samfélagsáhrif af þessum fyrirhuguðum framkvæmdum eru ekki kunn en hafa nú þeg sett svip sinn á mannlífið og þekkir undirrituð það vel á eigin skinni.

HÓLMSÁ OG SKAFTÁ Í SKAFTÁRHREPPI

Svæði á fyrirhuguðu virkjanasvæði Hólmsár og Skaftár í Skaftárhreppi hafa mörg hver hátt náttúruverndargildi, meðal annars vegna ýmissa jarðminja, náttúrulegs birkiskógar og sérstakra en oft á tíðum einsleitra gróðurvistgerða. Fyrir fekkari rökstuðning fyrir háu verndargildi svæðanna er vísað í rökstuðning í niðurstöðum verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Þá er ljóst af umræðunni að fyrirhugaðar framkvæmdir hafa sett verulegan svip á mannlíf á svæðinu og ógnar landbúnaði þá sem stór hluti beitilands færi undir framkvæmdir. Því telur undirrituð mikilvægt að Hólmsá og Skaftá verði settar í verndarflokk.

UM NÝTINGU JARÐVARMA

Undirrituð telur að miðað við þær upplýsingar — eða skort á upplýsingum — sem liggja fyrir um sjálfbærni jarðvarmavirkjanar, eða öllu heldur jarðvarmans sjálfs í tengslum við nýtingu hans til virkjana, verði að teljast varhugavert að fara í framkvæmdir til virkjunar á jarðvarma. Þá er einnig ósvarað hver umhverfis- og heilsufarsleg áhrif slíkra virkjana er. Því verður að teljast mikilvægt að áform af þe tagi verði sett í bið að minnsta kosti meðan þeim spurningum er svarað. Þá hefur n þegar stórum hluta þekktara og sýnilegra háhitasvæða verið raskað með nýtingu og rannsóknarborunum.

REYKJANESSKAGI

Undirrituð gerir athugasemdir við tillögur um virkjananýtingu á Reykjanesskaga einkum í Reykjanesfölkvangi og telur óforsvaranlegt að í fölkvanginum séu fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir. Athugasemdirnar beinast meðal annars að þeim hluta er tengist jarðvarma og greint var frá að ofan en einnig er Reykjanesskagi mikilvægt útvistar og ferðaþjónustusvæði og myndu virkjanaframkvæmdir að líkindum skerða slíka nýtingu umtalsvert. Undirrituð telur mikilvægt að svæði á Reykjanesi verði færð í verndarflokk eða að öðrum kosti í verndarflokk.

ORÐRÆÐAN

Undirrituð harmar að orðræðan skuli snúast um virkjanir, stórframkvæmdir, um hrossakaup um vernd og nýtingu á náttúrunni og að sú rammaáætlun sem hér er til umfjöllunar snúist á annað borð um vernd andstætt nýtingu. Í verndun svæða fyrir óafturkræfum framkvæmdum felst einnig nýting, með því að vernda er líklegra að unnt sé að nýta svæðin til dæmis til útvistar og ferðamennsku en sem dæmi má nefna þá skilar ferðaþjónusta um 20% af útflutningstekjum þjóðarinnar.

Í lokin vill undirrituð fara fram á það að þegar svo stórar framkvæmdir eiga í hlut sé gerð krafa um að svæðin, náttúran og mannlíf þess sem liggja undir í þeim tilfellum og þau áhrif sem framkvæmdirnar kunna að hafa verði rannsökuð til hlítar.

Anna Sigríður Valdimarsdóttir
Gnúpverji og náttúrufræðin
031081-5

HEIMILDIR

1. Anna Sigríður Valdimarsdóttir. (2010). *Gróður í Viðey í Þjórsá*. Óútfingin BS-ritgerð, Umhverfisdeild Landbúnaðarháskóla Íslands, Hvanneyri.
2. Kristbjörn Egilsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðmundur Guðjónsson, Guðrún Gyða Eyjólfsson og Starri Heiðmarsson. (2002). *Gróður og fuglar á áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar í Þjórsá við Núp*. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.